

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019—2023.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar frá 27. mars sl. fjallað um málið. Í áætluninni er byggt á því að stjórnvöld fylgi fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2020–2024, sem byggð er á fyrirbyggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 og skilyrðum hennar. Í áætluninni eru sett markmið fyrir öll málefnasvið og með því er ætlunin að skapa sem skýrast samhengi milli faglegra markmiða og þeirra fjármuna sem varið er til einstakra málefnasviða.

Í beiðni fjárlaganefndar var lagt til að höfð yrði hliðsjón af þeim ábendingum sem fram komu í nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar í fyrra. Nánar tiltekið var óskað eftir því að umhverfis- og samgöngunefnd skoðaði í einn stað forgangsröðun fjárveitinga til skógræktarmála. Framlög til þeirra drógust mjög saman árin eftir bankahrunið en fjárfesting í þeim málaflokki stýður við mörg markmið stjórnvalda í umhverfis- og loftlagsmálum. Í annan stað var óskað eftir því, að fenginni stefnumörkun um gjaldtöku til að fjármagna uppbyggingu í samgöngum, að umhverfis- og samgöngunefnd skoðaði fjárveitingar í þeim málaflokki. Taka þarf tillit til áhrifa af umfangi hugsanlegra einkaframkvæmda á fjármálaáætlun hverju sinni og nýrrar þjóðhagsspár (maí 2019) sem gerir ráð minni hagvexti en fyrri spá og lítils háttar samdrætti í vergri landsframleiðslu.

Við umfjöllun meiri hluta nefndarinnar um fjármálaáætlun að þessu sinni var lögð áhersla á þau atriði sem fjárlaganefnd beindi sérstaklega til nefndarinnar að hún fjallaði um. Meiri hluta nefndarinnar hefur ekki gefist tími til að fjalla ítarlega um önnur atriði fjármálaáætlunar en leggur þó til stutta umsögn, eða öllu heldur hvatningu, um tvö atriði umhverfismála, önnur en skógrækt og landgræðslu.

Bendir meiri hlutinn á að nefndin hefur í vetur fjallað um og afgreitt þingsályktanir um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023 og samgönguáætlun árána 2019–2033 með ítarlegu nefndarálit meiri hluta nefndarinnar á þingskjali 879 og nefndarálit minni hluta nefndarinnar á þingskjali 885. Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að útfærslu verkefna í áætluninni og ýmiss konar útfærsla og samráð stendur yfir í stjórnsýslunni. Hefur ráðherra kynnt meginatriðin í þeirri vinnu fyrir nefndinni og að unnið sé að frumvarpi um gjaldtöku í samgöngum. Þá vinnur samgönguráð að nýrri samgönguáætlun sem ætlunin er að lögð verði fyrir Alþingi í haust.

Nefndin skilaði einnig nefndarálit um nýtt frumvarp til laga um skóga og skógrækt sem samþykkt var 2. maí 2019.

Skógræktarmál.

Varðandi 4. lið um skógræktarmál, í bréfi formanns fjárlaganefndar til fastanefnda frá 27. mars 2019 er tekið fram að lögð sé áhersla á að forgangsráðað verði auknum fjármunum til skógræktarmála umfram þá fjárhæð sem nú er í ríkisfjármálaáætluninni. Framlög til þeirra lækkuðu mjög á árunum eftir bankahrunið en aukin framlög styðja aftur á móti mörg

markmið stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum. Sömu rök gilda um aukin framlög til landgræðslu og andófs gegn jarðvegseyðingu, ásamt endurheimt votlendis. Óskar meiri hlutinn eftir því að fjárlaganefnd endurskoði þá fjárliði sem að þessum málefnum snúa og ráðstafi auknu fé í þá. Þar verði lögð megináhersla á að auka framlög til nýskógræktar með innlendum sem erlendum tegundum og til endurbóta á illa fögnu gróðurlendi. Skynsamlegast er að við forgangsroðun verði lögð áhersla á skógrækt þar sem tekst að flétta saman sem flest markmið hennar á einum og sama staðnum, t.d. gróður- og jarðvegsvernd, ræktun náttúraskóga og nytjaskógrækt.

Gjaldtaka til fjármögnunar á uppbyggingu í samgöngum.

Varðandi 11. lið, samgöngumál og fjarskipti, í bréfi formanns fjárlaganefndar leggur meiri hlutinn áherslu á að við endurmat fjárliða í þann málaflokk, eins og hann er orðinn eftir endurskoðun ráðuneytis samgöngumála, verði leitast við með öllum ráðum að:

- bregðast hraðar en verið hefur við uppsöfnuðum vanda í vegakerfinu, utan stofnleiða, um land allt,
- hraða sem mest útbótum á stofnvegum í ljósi öryggis og greiðrar umferðar,
- styðja sem best við auknar og bættar almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar,
- fjármagna áfram þær úrbætur sem stefna í málefnum flugsamgangna hljóðar upp á,
- sjá höfnum landsins fyrir þeim fjármunum sem tryggja áframhaldandi umbætur og öruggan rekstur.

Með þessu móti rammur fjármálaáætlunin inn þær áherslur meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar að styðja sem best við framsækin markmið um sjálfbærni og samninga í loftslagsmálum og brýnar endurbætur í samgöngu- og fjarskiptamálum.

Meðferð úrgangs og frárennsli.

Meiri hluti umhverfis- og samgöngunefndar bendir einnig á tvö málefni sem falla undir málefnasvið *17 Umhverfismál*, þ.e. meðferð úrgangs og frárennsli.

Meiri hlutinn telur afar mikilvægt að fjármálaáætlunin styðji við framfarir í meðferð, flokkun og endurnýtingu úrgangs á landsvísi. Á það sérstaklega við byggðina utan höfuðborgarsvæðisins. Sama gildir um frárennsli á allmörgum stöðum, einkum þar sem viðtak frárennslis er ekki hafsvæði og sveitarfélögum er nauðsynlegt að fá aðstoð ríkisins við úrbætur. Meðal annars hefur gefist vel að endurgreiða virðisaukaskatt af framkvæmdum við fráveitur.

Fjarskipti.

Varðandi fjarskipti sem falla undir málefnasvið *11 Samgöngu- og fjarskiptamál* vekur meiri hlutinn athygli á því að hjá nefndinni eru til umfjöllunar þingsályktunartillögur um áætlanir og stefnu í fjarskiptum (403. og 404. mál), frumvarp til laga um netöryggismál (416. mál) og frumvarp til laga um pósthjónustu (270. mál). Afgreiðsla þessara mála mun kalla á aukin útgjöld, m.a. vegna netöryggissveitar og kostnaðar ríkisins við að tryggja alþjónustu í pósti. Meiri hlutinn vísar sérstaklega til þess að í greinargerð með frumvarpi til laga um netöryggismál kemur fram að áætlaður kostnaður, verði frumvarpið að lögum, verði á næstu árum samtals um 2.745 millj. kr. en þar af sé áætlað um 488 millj. kr. á árinu 2020.

Alþingi 16. maí 2019
Jón Gunnarsson
Ari Trausti Guðmundsson
Líneik Anna Sævarsdóttir

Bergþór Ólason
Vilhjálmur Árnason
Rósa Björk Brynjólfsson, með fyrirvara.